

Mánudaginn 14. marz 1949.

Nr. 144/1948. **Réttvísinn** (Gunnar J. Möller)

gegn

Arnari Þóri Valdimarssyni

og Geir Guðmundssyni (Gústaf A. Sveinsson).

Setudómarar hrl. Einar B. Guðmundsson
og hrl. Gunnar Þorsteinsson í stað hrd.
Arna Tryggvasonar og hrd. Jónatans
Hallvarðssonar.

Líkamsárás. Skírlífisbrot. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa að tilhlutan dómsmálaráðuneytisins verið haldin framhaldspróf í málinu og geðveikralæknir framkvæmt rannsókn á andlegri heilsu hinna ákærðu. Telur læknirinn, að hinir ákærðu séu hvorki andlega vanþroska, geðveilir né geðveikir, en hegðun þeirra kunni að stafa af sjúklegrri áfengisverkun.

Ákærðu viku sér að stúlku þeirri, sem í málinu greinir, ávörpuðu hana, og er hún skeytti þeim ekki, tóku þeir, annar eða báðir, undir handlegg hennar og virtust vilja leiða hana í áttina að dyrum, er lágu inn í garð að húsabaki. Er hún streittist á móti, börðu þeir hana, veittu henni áverka þá, sem lýst er í héraðsdómi, og hröktu hana á undan sér allangan spöl eftir götunni, unz Jón Friðbjörnsson kom á vettvang og veitti þeim eftirför.

Af atferli ákærðu og skýrslum málsins má ráða, að ákærðu hafi upphaflega ætlað að fá stúlkuna til kynferðismaka við sig, en ekki þykir hins vegar sannað, að tilætlun þeirra hafi snúizt upp í vilja til nauðgunar, er stúlkann var ekki tilleiðanleg við þá. En leitt þykir vera í ljós, að stimpingar ákærðu við stúlkuna, átök þeirra á henni og önnur meðferð hafi stafað af lostasemi svo og af reiði vegna mótþróa hennar. Ber því að færa háttarni þeirra til 209. og 218. gr. sbr. 2. mgr. 70. gr. hegningarlaga, nr. 19/1940.

Þykir refsing þeirra hvors um sig hæfilega ákveðin 7 mánaða fangelsi. Ákvæði héraðsdóms um frádrátt gæzluvarð-

halds, sviptingu réttinda og málskostnað ber að staðfesta. Bætur fyrir þjáningar og miska þykja hæfilega ákveðnar kr. 6000.00, og skulu ákærðu því in solidum greiða Guðrúnu Agnarsdóttur kr. 7295.00.

Dæma ber ákærðu til að greiða in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 700.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærðu, Arnar Þórir Valdimarsson og Geir Guðmundsson, sæti hvor fangelsi í 7 mánuði. Ákvæði héraðsdóms um, að gæzluvarðhaldstími komi til frádráttar refsivist, um sviptingu réttinda og málskostnað eiga að vera öröskuð.

Ákærðu greiði Guðrúnu Agnarsdóttur in solidum kr. 7295.00.

Ákærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gunnars J. Möllers og Gústafs A. Sveinssonar, kr. 700.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 5. apríl 1948.

Ár 1948, mánudaginn 5. apríl, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Þórði Björnssyni, settum sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1609—1610/1948: Réttvísinn og valdstjórnin gegn Arnari Þóri Valdimarssyni og Geir Guðmundssyni. Málið var tekið til dóms sama dag.

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn hinum ákærðu fyrir brot gegn XXII. og XXIII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940, áfengislögum, nr. 33 9. janúar 1935, og lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík, nr. 2 7. janúar 1930.

Ákærðir eru Arnar Þórir Valdimarsson vélvirkjanemi, til heimilis Óðinsgötu 16 B, og Geir Guðmundsson járnsmíðanemi, til heimilis Drafnarstíg 5, báðir hér í bæ. Þeir eru báðir komnir yfir lögaldur sakamanna, Arnar Þórir fæddur 8. júlí 1928 og Geir 20. febrúar 1928. Arnar Þórir

hefur ekki, svo að kunnugt sé, verið kærður áður fyrir lagabrot, en Geir hefur sætt kærur og refsingum sem hér segir:

1947 13/7 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1948 4/3 Sátt, 60 kr. sekt fyrir brot gegn 14. gr. bifreiðal.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Aðfaranótt sunnudagsins 21. f. m. kl. 00.40 var lögreglustöðinni tilkynnt, að tveir menn hefðu ráðizt á konu á Vesturvallagötu. Fóru lögregluþjónarnir Þorkell Steinsson og Gunnar Waage að leita áráðarmannanna og nokkru síðar lögregluþjónarnir Tryggvi Friðlaugsson og Kjartan Jónsson. Eftir alllanga leit fann Tryggvi tvo menn vestur við vélsmiðjuna Héðin við Seljaveg, og voru þeir líkt klæddir og lýsingin af áráðarmönnum sagði til, auk þess blóðugir á höndum. Tók Tryggvi þá því höndum, og komu nú fleiri lögreglumenn á vettvang, og voru mennirnir færðir heim til konunnar, sem ráðizt hafði verið á, og kvaðst hún þekkja þar áráðarmennina. Voru þeir síðan færðir á lögreglustöðina. Menn þessir voru hinir ákærðu í máli þessu. Öllum lögreglumönnum, sem leiddir hafa verið sem vitni í máli þessu, en það voru hinir 4 áðurnefndu lögregluþjónar svo og Jakob Björnsson lögregluþjónn, ber saman um, að greinileg ölvunarmerki hafi verið á ákærðum Geir, en hins vegar hafi ákærður Arnar Þórir verið lítið eða ekkert undir áhrifum áfengis, svo að séð yrði.

Ákærðir neituðu því með öllu í fyrstu í viðtali við lögreglumennina, að þeir hefðu átt nokkurn þátt í umræddri árás né að þeir vissu neitt um hana. Er verið var að færa ákærðan Arnar Þóri í varðhald, játaði hann þó, að þeir félagar væru áráðarmennirnir. Daginn eftir játaði Arnar Þórir hreinskilnislega fyrir dómi, að hann hefði ráðizt á stúlkuna án nokkurs tilefnis, og eftir nokkra vafninga játaði Geir einnig að hafa tekið þátt í árásinni.

Stúlka sú, sem fyrir árásinni varð, er Guðrún Agnarsdóttir, til heimilis Framnesvegi 33, 37 ára að aldri. Hún skýrir svo frá, að hún hafi verið á leið heim til sín og gengið vestur Sólvallagötu. Er hún hafi verið komin skammt vestur fyrir Bræðraborgarstig, hafi maður gengið upp að vinstri hlið sinni og ávarpað sig, en ekki man hún, hvað hann sagði við hana. Kveðst hún hafa svarað manninum út í hött. Þá hafi annar maður komið að hægri hlið hennar og ávarpað hana, en ekki muni hún heldur, hvað hann hafi sagt, minni þó helzt, að hann segði eitthvað á þá leið, að hún skyldi fremur snúa sér að honum en hinum. Kveðst mætt hafa svarað manninum út í hött. Þá segir Guðrún, að sá, sem gekk hægra megin við hana, hafi tekið undir handlegg sér og reynt að draga sig áfram, að því er henni virtist, í áttina að porti, sem er þarna milli húsa, og jafnframt hafi sá, sem gekk vinstra megin við hana (götu megin), reynt að ýta henni í sömu átt. Kveðst hún hafa stimpazt við, og hafi það þá engum togum skipt, að mennirnir hafi ráðizt á hana og slegið hana mörg högg í höfuðið. Kveðst Guðrún hafa beygt sig niður til að skýla andlitinu fyrir höggunum og borið hendurnar fyrir höfuð sér, en síðar

fallið á bæði hnén. Hún kveðst hafa spurt mennina, hvað þessar aðfarir ættu að þýða, og hafi þeir engu svarað og ekkert hafi þeir talast við, meðan árásin stóð yfir. Guðrún kveðst hafa ætlað að komast að húsinu Sólvallagötu 60, en þar býr kunningjafólk hennar, en hafa svo kallað á hjálp, er hún sá, að hún mundi ekki losna frá árásarmönnunum. Mennirnir hafi báðir haldið áfram að berja hana, þar til þeir hurfu skyndilega á brott. Tókst Guðrúnu þá að komast að Sólvallagötu 60 og gera vart við sig. Kveðst hún þá hafa verið orðin mjög ringluð og máttfarin, enda hafði hún hlotið mikil meiðsl, svo sem lýst verður síðar.

Ákærðir hafa báðir viðurkennt, að frásögn Guðrúnar af árásinni sé rétt í öllum aðalatriðum. Skýrir Arnar Þórir svo frá, að umrætt kvöld hafi þeir Geir verið staddir heima hjá kunningja sínum, sem Ólafur heitir og býr á Bræðraborgarstíg 10. Þar hafi einnig verið staddur maður að nafni Guðmundur. Þeir hafi þarna drukkið upp úr einni flösku af brennivíni og byrjað á annarri. Síðan hafi þeir Geir farið út tveir saman og haft með sér afganginn af flöskunni. Þeir hafi svo farið niður í miðbæ með það í huga að fara á dansleik, en úr því hafi ekki orðið, og þeir hafi síðan farið vestur í bæ og gengið vestur Sólvallagötu og hafi verið ætlunin að fara á dansleik, sem var í húsi vélsmiðjunnar Héðins við Seljaveg. Ekkert sögulegt hafi borið við fyrr en vestur á Sólvallagötu, að þeir hafi gengið fram á stúlku, sem var á leið vestur eftir. Kveðst Arnar hafa gengið að vinstri hlið hennar og talað eitthvað til hennar, en ekki muni hann neitt, hvað hann sagði né hverju stúlkan svaraði. Hann kveðst síðan hafa tekið eitthvað í handlegg stúlkunnar og ætlað að leiða hana. Hann kveðst síðan ekki geta gert sér fyllilega ljóst, hvað gerðist, en hann muni þó, að hann hafi ráðizt á stúlkuna og slegið hana. Hann segist muna, að stúlkan féll í götuna. Arnar Þórir kveðst ekki geta gert fullkomna grein fyrir, hvernig árásin hafi farið fram, en telur, að frásögn Guðrúnar um hana sé að öllu leyti rétt. Hann segist muna til þess, að hann hafi slegið Guðrúnu mörg högg. Hann kveðst alls ekki geta gert sér ljóst, að hve miklu leyti Geir tók þátt í árásinni. Arnar Þórir segir, að þeir félagar hafi svo horfið frá, er þeir urðu þess varir, að maður var kominn á vettvang. Hafi þeir síðan hlaupið um Vesturvallagötu, Holts- götu og Framnesveg og þar inn í húsasund. Þar hafi þeir síðan beðið um stund, en haldið síðan vestur að Héðinshúsi, þar sem þeir voru handteknir.

Frásögn ákærðs Geirs er í öllu verulegu samhljóða framburði Arnars Þóris. Kveðst hann ekki muna neitt, hvað hann sagði við Guðrúnu, en sig rámi í, að hann hafi sagt eitthvað. Ekki kveðst hann muna til þess, að hann tæki í handlegg Guðrúnar, áður en árásin hófst. Hann telur Arnar Þóri hafa átt upptökin að árásinni og slegið Guðrúnu fyrst, en síðan kveðst hann hafa tekið þátt í árásinni og muna til, að hann hafi slegið Guðrúnu nokkur hnefahögg, en ekki sparkað í hana né tekið í fót hennar. Hann kveðst muna til þess, að stúlkan féll á hnén. Geir kveðst annars yfirleitt ekki véfengja frásögn Guðrúnar um árásina.

Sá, sem kom að hinum ákærðu, meðan þeir voru að berja Guðrúnu, var Jón Friðbjörnsson verkamaður, Sólvallagötu 60. Hefur hann sem vitni borið það, að hann hafi verið háttaður í herbergi sínu, sem snýr út að Sólvallagötu, er hann hafi heyrt hávaða fyrir utan gluggann. Hafi hann þá litið út um gluggann og séð kvenmann á hnjánum í götunni og mann bograndi yfir henni. Hafi hann smeygt sér í buxur og skó og hlaupið út. Sá hann þá, að tveir menn voru þarna hjá Guðrúnu, og minnir, að annar lægi á fjórum fótum. Þegar Jón kom út, kveðst hann hafa sagt: „Hvaða djöfuls læti eru þetta?“ — og hafi þá mennirnir tekið tafarlaust til fótanna. Jón hljóp þegar á eftir þeim, en gerði síðan ráðstafanir til þess, að lögreglunni yrði gert aðvart, og leiddi það til handtöku ákærðra, svo sem fyrr segir.

Ekki virðast önnur vitni hafa verið að árásinni.

Hvorugur hinna ákærðu hefur getað gefið neina skýringu á því, hvað fyrir þeim hafi vakað með framferði sínu né hvernig á því stóð, að þeim datt í hug að ráðast á Guðrúnu. Þeim ber saman um, að þeir hafi ekki fyrir fram komið sér saman um að gefa sig á tal við hana, enda hafi þeir ekki veitt henni eftirtekt fyrr en um það leyti, sem þeir náðu henni. Þeim ber og saman um, að þeir hafi ekkert talast við, meðan árásin stóð yfir, og kemur það heim við framburð Guðrúnar. Geir hefur aftekið það með öllu, að hann hafi haft í huga að nauðga stúlkunni, og Arnar Þórir kveðst ekki muna til, að hann hefði slíkt í huga, þótt hann eftir á telji ekki útilokað eða jafnvel sennilegt, að það hafi verið tilgangurinn. Þeim ber saman um, að þeir hafi ekkert haft í frammi gagnvart Guðrúnu, sem miðaði að nauðgun, enda segir Guðrún sjálf, að þeir hafi ekkert aðhafzt, sem benti til þess, nema hvað þeir hafi í fyrstu gert sig líklega til að færa hana inn í húsaþortið.

Arnar Þórir kveðst hafa verið nokkuð ölvður, er þetta gerðist. Geir kveðst hafa verið töluvert undir áhrifum áfengis, en þó ekki mjög drukkinn.

Er þá að greina frá meiðslum þeim, er Guðrún Agnarsdóttir reyndist hafa hlotið af árásinni. Segir svo í vottorði Bergsveins Ólafssonar augnlæknis, sem skoðaði Guðrúnu daginn eftir árásina:

„Við skoðun fannst: Glóðarauga á báðum augum og neðan við hægra auga samhliða augnatóftarrönd grunnur ca. 2.5 cm langur skurður inn úr húðinni. Augnalok beggja augna bólgin og nokkuð marín, enn fremur blæðingar undir slímhúð (conjunctiva bulbi) beggja augna. Bólguveppir undir báðum augum og eymsli, einkum þó yfir vinstri kjálka (maxilla). Neðan til á miðju enni milli augnabrúna var vel tveggja krónu penings stór bólguvála allsár viðkomu. Nefið bólgið og marið, einkum neðan til yfir nefbeini, og var mjög sárt viðkomu og virtist hafa brotnað, þótt ekki hefði það gengið úr skorðum. Hefur nú verið staðfest með röntgenmynd, að nefbein hefur brotnað vinstra megin.

Í munni var gervigómur brotinn, enn fremur voru báðar varir skornar innan frá af tannbrotum, tennur í neðri góm eru mjög brunnar af tann-

átu. Þá var vinstra hné nokkuð marið og húð skröpuð, svo að dreyrði úr á tveim stöðum framan á hnénu og innan á því.

Konan var, sem eðlilegt er, nokkuð óróleg og æst í skapi og kveðst lítið hafa sofið um nóttina.

Af sárum konunnar verður ráðið, að hún hefur hlotið högg á bæði augu eða neðri augnatóftarbrúnir, enn fremur framan á nef og milli augna, að öllum líkindum einnig á höku eða munn. Sárin á vinstra hné virðast hafa komið við það, að hún hafi fallið á hnéð eða verið dregin eftir götunni.“

Í vottorði Jóns G. Nikulássonar læknis, sem skoðaði Guðrúnu 22. marz, segir:

„Við skoðun fann ég þetta helzt:

Glóðarauga á báðum augum og smáskráma við ytri augnakrók á hægri auga. Bæði augu voru blóðhlaupin og talsverð bólga á vinstra kinnbeini. Báðar varir voru bólgnar og sprunga ca. 1 cm á lengd innan á efri vör. Á vinstra hné voru 3 skrámur eða fleiður og mar á ca. lófastórum bletti út frá þeim. Röntgenmynd, sem tekin var skömmu síðar, sýndi, að um nefbrot var einnig að ræða.“

Í réttarhaldi miðvikudaginn 31. marz kveðst Guðrún vera enn allmikið eftir sig, en meiðslin séu á góðum vegi með að batna að fullu. Kveðst hún þá munu fara að vinna eftir næstu helgi.

Eftir því sem atvikum hefur nú verið lýst, þykja ákærðir hafa gerzt brotlegir við 218. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940, og 3. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur, nr. 2 7. janúar 1930. Hins vegar þykir ekki fram kominn nægileg sönnun fyrir því, að tilgangur ákærðra með árásinni hafi verið að nauðga stúlkunni. Ekki verða ákærðir heldur taldir hafa gerzt sekir um hneykslanlega ölvun í skilningi áfengislaganna. Ber þannig að sýkna hina ákærðu, að því er tekur til ákærunnar fyrir brot gegn XXII. kafla hegningarlaganna og áfengislögunum.

Refsing hinna ákærðu hvors um sig þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 5 mánuði. Ákærðir hafa verið í gæzluvarðhaldi, meðan mál þetta hefur staðið yfir, eða síðan 21. marz, og ber skv. 76. gr. almennra hegningarlaga að ákveða, að gæzluvarðhald þeirra komi með fullri dagatölu til frádráttar refsivist þeirra, ákærðs Geirs þó aðeins frá 22. marz.

Skv. 68. gr. 3. mgr. hegningarlaganna ber að svipta hina ákærðu kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa.

Guðrún Agnarsdóttir hefur krafizt þess, að ákærðir verði í máli þessu dæmdir til að greiða sér skaðabætur sem hér segir:

1) Bætur fyrir atvinnutjón	kr.	700.00
2) Læknishjálp	—	95.00
3) Fataspell og fatahreinsun	—	25.00
4) Eyðilagðar gervitennur	—	475.00
5) Bætur fyrir þjáningar, miska og lýti	—	15.000.00
		Kr. 16.295.00

Vaxta hefur eigi verið krafizt.

Ákærðir hafa samþykkt liðina 1—4, og verða þeir því teknir að öllu leyti til greina. Hins vegar hafa þeir mótmælt lið 5 sem allt of háum og ósanngjörnum. Að áliti réttarins þykja bætur skv. þessum lið hæfilega tilteknar kr. 7500.00. Ber skv. framansögðu að dæma ákærðu in solidum til að greiða Guðrúnu Agnarsdóttur kr. 8795.00 í skaðabætur innan 15 daga frá birtingu dóms þessa.

Loks ber að dæma ákærðu til að greiða in solidum allan sakarkostnað.

Rekstur máls þessa hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærðir, Arnar Þórir Valdimarsson og Geir Guðmundsson, sæti hvor um sig fangelsi í 5 mánuði. Gæzluvarðhald þeirra komi með fullri dagatölu til frádráttar refsivist þeirra, ákærðs Geirs Guðmundssonar þó aðeins frá 22. marz sl.

Ákærðir eru frá birtingu dóms þessa sviptir kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærðir greiði Guðrúnu Agnarsdóttur kr. 8795.00 innan 15 daga frá birtingu dóms þessa.

Ákærðir greiði in solidum allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 21. marz 1949.

Nr. 62/1949. **Lofitleiðir h/f** (Sigurður Ólason)

gegn

Almennum tryggingum h/f

(Einar B. Guðmundsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Vátryggingarmál. Ágreiningur dómenda.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar 16. þ. m., að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag, krefst þess, að stefnda verði dæmt að bæta honum af vátryggingarfé spjöll, sem urðu á flugvélinni TF—RVC á flugvellinum í Vestmannaeyjum 25. september 1946, svo og að greiða honum